**Fundargerð**
343. fundur hreppsnefndar Reykhólahrepps
Fimmtudaginn 13. september 2012, kl. 15.30.

Fundarstaður: Fundarsalur hreppsnefndar Maríutröð 5a, Reykhólum.
Mætt: Andrea Björnsdóttir (AB) oddviti, Eiríkur Kristjánsson (EK) varaoddviti, Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir (ÁSK), Gústaf Jökull Ólafsson (GJO) og Sveinn Ragnarsson (SR) Einnig sat fundinn Ingibjörg Birna Erlingsdóttir (IBE) sveitarstjóri og ritaði fundargerð.

Fundargerð rituð í tölvu og er fimm blaðsíður.

Oddviti bauð fólk velkomið, setti fundinn og leitaði afbrigða að taka fjögur mál undir liðnum önnur mál, var það samþykkt.

## Dagskrá:

**Fundargerðir**

1. **342. fundur hreppsnefndar 16. ágúst 2012.**

   *Farið yfir fundargerð og hún samþykkt.*

2. **Skipulags- bygginga- húsnæðis- og hafnarnefnd 10. september 2012.**

   *Farið yfir fundargerð.*

   *1106002 – Breyting á Aðalskipulagi Reykhólahrepps 2006-2018 vegna deiliskipulags Þórisstaða.*

   *Sveitarstjórn Reykhólahrepps samþykkir breytingu á aðalskipulagi 2006-2018 Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið skv. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og er hér með samþykkt í sveitarstjórn Reykhólahrepps.*

   *1209008 – Reykjabraut 4, 139726, Reykjabraut 8, 139732 lóðarleigusamningur.*

   *Hreppsnefnd samþykkir að gerðir verði lóðarleigusamningar vegna ofangreindra lóða. Sveitarstjóra falið að ganga frá þeim skv. samþykkt hreppsnefndar.*

   *1209003 – Kvörtun vegna flugs yfir Kinnarstaði*

   *Afgreiðsla skipulags- og byggingarnefndar samþykkt samhljóða.*

   *1209011 – Gjaldskrá vegna gatnagerðagjalda í Reykhólahreppi.*

   *Hreppsnefnd samþykkir að hafin verði vinna við gerða gjaldskrár vegna gatnagerðargjalda í hreppnum.*

   *1209032 – Suðurbraut 6, 139736, breyting á skráningu lóðar.*

   *Hreppsnefnd samþykkir afgreiðslu skipulags- og byggingarnefndar.*

   *Fundargerðin samþykkt í heild sinni.*

3. **Mennta- og menningarmálanefnd 11. september 2012.**

   *Farið yfir fundargerðina.*

*1209012 – Umsókn um undanþágu á leikskóla.*

*Afgreiðsla mennta- og menningarmálanefndar samþykkt.*

*1209013 – Ráðning deildarstjóra á deild.*

*Afgreiðsla mennta- og menningarmálanefndar samþykkt.*

*1209014 – Æskulýðsmál sveitarfélagsins.*

*Afgreiðsla mennta- og menningarmálanefndar samþykkt.*

*1209019 – Styrkur vegna tónlistakennslu haustið 2012.*

*Hreppsnefnd samþykkir að veita styrk kr. 200.000 vegna tónlistakennslu haustið 2012.*

*Fundagerðin samþykkt í heild sinni.*

4. **Fjallskilanefnd 28. ágúst.**

   *Fundargerðin lögð fram.*

5. **Velferðarnefnd 27. ágúst 2012.**

   *Fundargerðin lögð fram.*

   *Liður 2 - Siðareglur félagsþjónustu Stranda og Reykhólahrepps.*

   *Hreppsnefnd samþykkir siðareglur félagsþjónustunnar samhljóða.*

   *Liður 3 - Eineltis- og viðbragðsáætlun fyrir starfsmenn sveitarfélaganna, Árneshrepps, Kaldrananeshrepps, Reykhólahrepps og Strandabyggðar.*

   *Hreppsnefnd samþykkir eineltis- og viðbragðsáætlun starfsmanna samhljóða. Sveitarstjóra falið að koma áætluninni á framfæri í öllum stofnunum hreppsins.*

   *Liður 4 - Reglur um ferðaþjónustu fatlaðra.*

   *Hreppsnefnd samþykkir reglur félagsþjónustunnar um ferðaþjónustu fatlaðra samhljóða.*

   *Liður 6 - Reglur um stuðningsfjölskyldur í málaflokki fatlaðs fólks.*

   *Hreppsnefnds samþykkir reglur félgasþjónustunnar um stuðningsfjölskyldur í málaflokki fatlaðs fólks samhljóða.*

**<u>Mál til afgreiðslu:</u>**

1. **1209020 - Fjármálaráðstefna sveitarfélaga 2012.**
   Haldin 27. – 28. september 2012.

   *Oddviti og sveitarstjóri mæta á ráðstefnuna fyrir hönd sveitarfélagsins.*

2. **1209021 - Ársfundur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 2012**
   Haldinn 26. september 2012.

   *Sveitarstjóri mætir á ársfund Jöfnunarsjóðs 2012 fyrir hönd sveitarfélagsins.*

3. **1208043 - Frestun 57. Fjórðungsþings Vestfirðinga.**
Þinginu sem átti að halda 7. og 8. september er frestað til 5. og 6. október.

*Erindið lagt fram, sveitarstjóra falið að endurnýja kjörbréf sveitarstjórnar vegna breyttrar dagsetningar. Samþykkt samhljóða.*

4. **1108004 – Boðun á aðalfund Menningarráðs Vestfjarða 6. október 2012.**
Erindi frá menningarfulltrúa Vestfjarða.

*Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir tilnefnd til þess að mæta á aðalfund Menningarráðs Vestfjarða 2012 fyrir hönd sveitarfélagsins. Sveitarstjóra falið að útbúa umboð.*

5. **1209022 - Fundir sveitarstjórna með fjárlaganefnd Alþingis haustið 2012.**
Erindi frá formanni fjárlaganefndar Alþingis dagsett 3. september 2012.

*Erindið lagt fram.*

6. **1209023 - Sjúkraþjálfun í Reykhólahreppi, Strandabyggð og Dalabyggð.**
Erindi frá sambandi breiðfirskra kvenna dagsett 23. ágúst 2012.

*Sveitarstjóra falið að hafa samband við sveitarstjóra Strandabyggðar og Dalabyggðar vegna erindisins og vinna því farveg.*

**<u>Til kynningar</u>**

7. **1209024 - Minnisblað fundar sveitarstjórnar með Ólafi Dýrmundssyni og Árna Snæbjörnssyni ráðunautum Bændasamtaka Ísland, Búnaðarfélagi Reykhólahrepps og Sauðfjárræktarfélagi Reykhólarhepps. 5. september 2012.**

*Lagt fram.*

8. **1209025 - Framtíð sjávarbyggða á Vestfjörðum.**
Kynning á ráðstefnu sem haldin verður 22. september 2012, sent frá Fjórðungssambandi Vestfirðinga 7. september 2012.

*Kynnt.*

9. **1209026 - Símaskrá Flateyjar 2012**
Erindi frá Gunnari Sveinssyni dagsett 21. ágúst 2012, ásamt símaskrá.

*Kynnt.*

10. **1209027 - Áminning og krafa um úrbætur.**
Erindi frá Heilbrigðisfulltrúa varðandi sorpsvæði á Króksfjarðarnesi dagsett 17. ágúst 2012.

*Kynnt.*

11. **1209028 - Velferðarvaktin í upphafi skólaárs.**
Erindi frá formanni Velferðarvaktarinnar dagsett 22. agúst 2012.

*Kynnt.*

12. **1209029 - Rammasamningar ríkisins – Staðan 2012.**
Erindi frá forstjóra Ríkiskaupa dagsett í júlí 2012.

*Kynnt.*

13. **1209030 - Tilnefning til nýsköpunarverðlauna í opinberum rekstri.**
Erindi frá fjármálaráðuneytinu dagsett 16. ágúst 2012.

*Kynnt.*

14. **1209031 - Ársskýrsla Byggðastofnunar 2011**
Skýrsla lögð fram á fundi.

*Skýrsla lögð fram.*

**Önnur mál (ef einhver):** Löglega upp borin.

15. **1209035 - Fundargerð fjallskilanefndar 12. september 2012 og Fjallskilaseðill 2012.**

*Fundargerðin samþykkt, fjallskilaseðill fyrir árið 2012 samþykktur.*

16. **1209033 - Snjómokstur veturinn 2012 -2013**

*Sveitarstjóra falið að skipuleggja snjómokstur vetrarins í samráði við byggingafulltrúa og viðhaldsmann fasteigna. Samþykkt samhljóða.*

17. **1209034 –Sparkvöllur og íþróttavöllur sveitarfélagsins.**

*Hreppsnefnd felur byggingafulltrúa að útbúa kostnaðaráætlun vegna fullvinnslu á báðum völlunum. Samþykkt samhljóða*

18. **1209036 – Frumvarp til náttúruverndarlaga.**
Erindi frá umhverfis- og auðlindaráðuneyti dagsett 3. september 2012.

*Lagt fram.*

**Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 17:00**

____________________________ ____________________________

____________________________ ____________________________

____________________________ ____________________________